

5. apríl 2022

## Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna hækkunar framfærslulána í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna 2022-2023

Úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2022-2023 hafa verið samþykktar af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. **Fjárhæð grunnframfærslunnar mun hækka um 18% á næsta skólaári** og verður 106.320 kr/mán fyrir stúdent í foreldrahúsnæði og 137.100 kr/mán fyrir stúdent í leigu eða eigin húsnæði. Stúdentaráð tekur breytingunum fagnandi enda er um að ræða töluverða kjarabót fyrir stúdenta sem hefur löngum verið tímabær. Stúdentaráð hefur margsinnis kallað eftir hækkun á grunnframfærslunni og er einstaklega ánægjulegt að sú barátta hafi borið árangur.

Ljóst er að lág framfærsla skerðir aðgengi að menntun og er ein helsta ástæða þess að íslenskir stúdentar vinna mun meira með námi en stúdentar í nágrannalöndunum. Vegna þessa er nauðsynlegt að í framhaldinu sé samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar vandlega skoðað. Fara verður í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu eða öðrum breytingum sem hægt væri að gera á frítekjumarkinu.

Stúdentaráði þykir miður að viðbótarlán vegna húsnæðis hafi ekki fengið sambærilega hækkun og grunnframfærslan. Niðurstöður [skýrslu Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði](#) sýna að margir þeirra bera háa kostnaðarbyrði vegna húsaleigu. Vísitala leiguverðs hækkaði um 41% frá 2017-2021 en viðbótarlán Menntasjóðsins vegna húsnæðiskostnaðar hækkaði aðeins um 11% á sama tíma.

Eftir sem áður undirstrikar Stúdentaráð mikilvægi þess að upphæðir námslána séu endurskoðaðar til hækkunar árlega, að lágmarki í samræmi við verðlagsþróun. Í núgildandi lögum eru engin fyrirmæli um endurskoðun með reglubundnum hætti og því ekkert sem skyldar stjórn Menntasjóðsins eða ráðherra til að bregðast við þegar þörf krefur.

Stúdentaráð bindur vonir við að tekið verði tillit til ofangreindra þátta í framhaldinu og sérstaklega við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna, sem samkvæmt lögum skal fara fram fyrir haustþing 2023. Kerfið verður að hanna með hag stúdenta í forgrunni.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Isabel Alejandra Díaz  
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands